

Kjarvalsstaðir:**Sýning á Norrænni vefjarlist**

NORRÆN vefjarlistasýning var opnuð á Kjarvalsstöðum laugardaginn 3. ágúst, sl. og hófst hún með ávarpi Stefáns Jónssonar, fyrrverandi alþingismanns og formanns Norræna menningarmálasjóðsins. Er hér um að ræða farandsýninguna „Nordisk Textiltiennale“, sem hleypt var af stökkunum í Moss í Noregi þann 8. júní sl. Sýningar þessar hafa nú verið haldnar með reglulegu millibili í ein 11 ár.

Samnorræn dómnefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverju landi, sá um að velja 80 verk úr þeim 520, sem bárust að þessu sinni. Fulltrúar Íslands á sýningunni eru þær Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir, en auk þeirra eru, meðal sýnenda, margir vel þekktir listamenn.

„Við val á verkum til sýningarinnar er tekið tillit til gæða listmunanna, þess gætt að bæði gamlar hefðir og nýir straumar fái að njóta sín, auk þess sem áhersla er lögð á fjölbreytni í aðferðum,“ sagði Ása Ólafsdóttir, sem var fulltrúi Íslands í dómnefndinni. „Fjöldi listaverka frá hverri þjóð lýtur engum reglum — ekki er miðað við fólksfjölda eða annað þvíumlíkt, heldur eru það eingöngu gæðin sem gilda,“ bætti hún við.

Þessi samnorræna sýning er styrkt af opinberum aðilum, Norræna menningarmálasjóðnum, sem lagði fram þriðjung áætlaðrar fjárþarfar og mennta- og menningarmálaráðuneytum landanna, sem lögðu það til, sem á vantaði. Einnig ber að geta þess að staðirnir, sem hýst hafa sýninguna á ferðalaginu hafa fellt niður leigugjöld og jafnvel styrkt hana með beinum fjárframlögum.

Formaður og aðaldrifjörður framtaksins, allt frá upphafi, er


danska listakonan Nanna Her-toft, en íslenska starfshópurinn skipa þær Hildur Hákonardóttir, Ása Ólafsdóttir, Anna Þóra Karlsdóttir, Áslaug Sverrisdóttir og Steinunn Pálsdóttir.

„Það má eiginlega segja að textillistakonu vinni bæði að því að hefja til vegs og virðingar gamlar hannyrðir, svo og að ýta undir nýsköpun á því sviði,“ sagði Hildur, er hún var innt eftir þróun listgreinarinnar hér á landi. „Við höfum tekið gömul áhöld og tæki til notkunar aftur,“ bætti Ása við, „eins og kamba, snældur og rokka, auk þess sem hrosshárið nýtur nú sívaxandi vinsælda sem efniviður í listaverk.“


Var starfshópurinn sammála um að sýningar þessar hefðu reynst gífurleg lyftistöng fyrir alla listsköpun á Norðurlöndunum og vakið athygli iðnfrömuða á greininni. Upplýstu þær stöllu að bæði framkvæmd og skipulagning sýningarinnar væri alfarið í höndum listakvennanna. „Þess ber þó að geta að okkar menn í norrænum nefndum hafa reynst okkur alveg einstaklega hjálplegir,“ sagði Áslaug, „svo og mennta- og menningarstofnanir ýmis-konar og erum við að sjálfsgöðu afar þakklátar fyrir þann skilning, sem þau hafa sýnt listgreininni.“

Aðspurðar kváðu þær engin ellimörk á sýningunni né heldur merki um stöðnun. „Við erum líka nokkuð heppnar með sýningarstað,“ sagði Anna Þóra, „Kjarvalsstaðir eru alveg kjörinn sýningarstaður, mikið og stílhreint veggpláss, en lítið af gluggum, sem draga athyglina frá verkunum sjálfum. Held ég m.a.s. að óhætt sé að fullyrða að sýningin njóti sín einna best hér,“ bætti hún við.

Sýningin mun standa til 25. ágúst og verður hún opin alla daga frá kl. 14—22.



Starfshópurinn sem sá um skipulagningu sýningarinnar: Ása Ólafsdóttir, Áslaug Sverrisdóttir, Hildur Hákonardóttir og Anna Þóra Karlsdóttir við eitt verkanna á sýningunni. Á myndina vantar Steinunni Pálsdóttur.

BROTNAR NEGLUR

Lím fyrir brotnar og rifnar neglur. Einn dropi í brotið og nöglin verður sem óskemmd 45 sekúndum síðar. Síðan er nöglin lökkuð á eðlilegan hátt. ★Quick Set★ er einföld lausn fyrir alla.

Bankastræti 3,
sími 13635.
Póstsendum.

Stella

H-LÚX

Sumarauki

á 1/2 virði!

Um leið og filman fer í H-Lúx framköllun biður þú um Sumaraukann og þú færð aukaeintök af myndunum þínum á hálfvirði!

Gildir frá 17. júní til 17. ágúst
Gefðu ljósmynd.

KODAK
UMBODIÐ

AUK hf. 91.49